

Reykjavík, 15. febrúar 2002

Alþingi,  
samgöngunefnd,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. l. um skráningu skipa (285. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar, dags. 29. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. Í athugasemdum frumvarpsins er m.a. vísað í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) til nefndar samgönguráðherra sem vann að frumvarpinu. Fram kemur að ákvæði frumvarps um eins árs tímabindingu þurrleiguskráningar eigi rót að rekja til athugasemda SFF. Samtök útgerða hafa komið að máli við SFF í framhaldi þingfestingar frumvarpsins vegna þessa atriðis.

Rétt er að taka fram að Samtök fjármálafyrirtækja styðja almennt auknar heimildir íslenskra útgerða til nýtingar á eigin skipum utan lögsögunnar, enda er þannig stuðlað að hagræðingu í rekstri.

Varðandi eins árs tímabindingu leyfis leggja SFF áherslu á að verulegir hagsmunir geta verið í húfi fyrir veðhafa að aflaheimildir skips skerðist ekki við þurrleiguskráningu. Eitt af þeim atriðum sem þar skipta máli hlýtur að vera sá tími sem skipi er haldið til slíkra veiða.


Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skriflegt samþykki veðhafa þurfi fyrir þurrleiguskráningu fiskiskips. Ljóst er því að veðhafi getur skilyrt skráningu til skemmri tíma en lagaramminn segir til um. Á hitt ber að líta að viðtækari lagaheimildir munu skapa aukinn þrýsting frá útgerðum á veðhafa að samþykkja slíka skráningu út þann tíma sem lögin heimila.

4. mgr. 12. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, er svohljóðandi:

“Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips í samræmi við verðmætahlutföll þeirra samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald. Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiarinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á.”

Í ljósi þess að þurrleiguskráning fiskiskipa hefur ekki verið heimil hingað til er engin afstaða tekin til þess í ákvæðinu hvort lokamálsliðurinn eigi við um slík tilvik. SFF telja grunnforsendu þess að rýmka megi þá tímatakörkun skráningar sem fyrr er greint frá, sé að framangreindu ákvæði laga um stjórn fiskveiða sé breytt samhliða þannig að skýrt komi fram að skip í þurrleiguskráningu falli undir viðkomandi ákvæði. Að því gefnu munu SFF ekki setja sig á móti því að tímatakörk frumvarpsins verði rýmkuð.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,  
framkvæmdastjóri